



Auglýsing birt í Lögbirtingablaðinu 22. október 1997

Auglýsing um bann við lausagöngu búfjár í Reykhólahreppi.

Hreppsnefnd Reykhólahrepps hefur samkvæmt heimild í 5. gr. laga um búfjánhald nr. 46 25. mars 1991 samþykkt bann við lausagöngu alls búfjár þ.m.t. hrossa og nautgripa í þeim hluta Reykhólahrepps, sem er fyrrum Múlahreppur, og hins vegar bann við lausagöngu nautgripa og hrossa í öðrum hlutum hreppsins. Bann þetta skal taka gildi 1. nóvember 1997.

Frá þeim tíma verður öllum eigendum og umráðamönnum alls búfjár á því svæði sem var áður Múlahreppur, skylt að hafa það í vörslu allt árið innan gripheldra girðinga. Einnig frá sama tíma er öllum eigendum og umráðamönnum nautgripa og hrossa í öðrum hlutum Reykhólahrepps skylt að hafa þá í vörslu allt árið innan gripheldra girðinga.

Reykhólum 9. okt. 1997
Fh Hreppsnefndar Reykhólahrepps.
Guðmundur H. Ingólfsson sveitarstjóri.